

Ed.

542. Breytingartillaga

[5. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

50. gr. orðist svo:

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skyldt að gefa skýrslu um samneyti sitt við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skyldt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi átt samneyti við hana á getnaðartíma barns.

Aðiljum máls er skyldt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal visa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.